42. Siglingaþing 21. febrúar 2015



# Siglingasamband Íslands

## Ársskýrsla og reikningar

# SIGLINGASAMBAND ÍSLANDS

Íþróttamiðstöð Laugardal,104 Reykjavík
Sími:514-4210 Fax: 514-4001
E-mail: sil@isisport.is

## Efnisyfirlit

**Dagskrá Siglingaþings**

**Skýrsla formanns**

**Úrlsit móta**

**Lög SÍL**

**Ársreikningur 2014**

Skýrsla 42. Siglingaþings var unninn af
Úlfi H. Hróbjartssyni í febrúar 2015

Umbrot og hönnun Úlfur H. Hróbjartsson

Höfundar efnis
Úlfur H. Hróbjartsson

Ljósmyndir
Eru fengnar af heimasíðum aðildafélaga SÍL

Prentun
Skrifstofa ÍSÍ

# Dagskrá 41. siglingaþings

**Haldið í Íþróttamiðstöðinni Laugardal**
**22. febrúar 2013**

1. Formaður setur þing.
2. Kosning 3 manna kjörbréfanefndar
3. Kjörinn þingforseti.
4. Kjörnir 1. og 2. þingritari
5. Ávörp gesta
6. Álit kjörbréfanefndar lagt fram og samþykktar
7. Kosning fastanefnda
    a) Fjárhagsnefnd 3 manna
    b) Laga og leikreglnanefnd 3 manna
8. Lögð fram skýrsla stjórnar
9. Lagður fram til samþykktar endurskoðaður rekstrar og efnahagsreikningur liðins árs af félagslega kjörnum skoðendum reikninga félagsins.
10. Umræður um skýrslu stjórnar
11. Umræður um og samþykkt reikninga
12. Lögð fram fjárhagsáætlun fyrir næsta fjárhagsár
13. Lagabreytingatillögur
14. Aðrar tillögur sem kynntar voru í fundarboði
15. Önnur mál: Teknar fyrir tillögur og önnur mál sem lögð hafa verið fyrir þingið
16. Tillögur fjárhagsnefndar
17. Kosningar
    a) Stjórn og varastjórn sbr 6 gr.
    b) Tveir félagslega kjörnir skoðunarmenn reikninga (sbr. lið 2.2).
    c) Fulltrúa á íþróttaþing í samræmi við reglur ÍSÍ
18. Þingslit

# Fjöldi iðkenda samanburður 2012-2013

| Héraðssamband/félög | 2012 | 2013 | 2014 |
|---|---|---|---|
| Íþróttabandalag Reykjavíkur | | | |
| Brokey, siglingafélag Reykjavíkur | 139 | 173 | 198 |
| Kayakklúbburinn | 497 | 497 | 497 |
| Ungmennafélag Kjalarnesþings | | | |
| Siglingafélagið Ýmir | 246 | 250 | 253 |
| Íþróttabandalag Akureyrar | | | |
| Siglingafélagið Nökkvi | 54 | 54 | 53 |
| Íþróttabandalag Hafnarfjarðar | | | |
| Siglingaklúbburinn Þytur | 425 | 476 | 476 |
| Héraðssamband Snæfells og Hnappadalssýslu | | | |
| Siglingadeild Snæfells | 25 | 25 | 25 |
| Héraðssamband Vestfirðinga | | | |
| Siglingafélagið Sæfari | 43 | 50 | 50 |
| Ungmennasamband Skagafjarðar | | | |
| Siglingaklúbburinn Drangey | 64 | 69 | 66 |
| Héraðssamband Þingeyinga | | | |
| Siglingadeild Völsungs | - | - | - |
| **Alls** | **1.493** | **1.594** | **1.618** |

## Stjórn SÍL
### Kjörin á 41. siglingaþingi

| | |
|---|---|
| Formaður: | Úlfur H. Hróbjartsson |
| Varaformaður: | Ólafur Már Ólafsson |
| Ritari: | Anna Ólöf Kristófersdóttir |
| Gjaldkeri: | Sigurjón Hjartarson |
| Meðstjórnandi: | Klara Bjartmarz |
| Varastjór: | Martin Swift |
| Varastjór: | Rúnar Þór Björnsson |
| Varastjórn: | Arnar Freyr Birkisson |
| | |
| Heiðursformaður: | Ari Bergmann Einarsson |



Velkomin á 42. Siglingaþing.

Að vanda hefur verið í nógu að snúast hjá Siglingasambandinu á síðasta ári áherslan var á menntun og fræðslu auk þess sem keppnir erlendis voru í forgrunni. Skömmu eftir síðasta siglingaþing í byrjun mars var farin hópferð á RYA Dinghy show í Lundúnum. SÍL útvegaði styrk frá Topper inter-
national fyrir aðgangseyri á sýninguna auk þess að láta nokkra bátaframleiðendur vita af komu okkar. Hópurinn sem fór var fámennur en lærði mikið á þessari frábæru sýningu Breska siglingasambandsins. Þeir sem fóru voru auk formanns SÍL voru Ólafur Már Ólafsson frá Brokey og Rúnar Þór Björnsson frá Nökkva. Á sýningunni gaf að líta allar gerðir af kænum og búnaði auk dagskrár með fyrirlestrum um nær allt sem kemur að starfi siglingafélaga. Það er skemmst frá því að segja að sýningin kom mönnum í gírinn fyrir sumarið. Hiklaust er mælt með þessari sýningu enda stendur hún nærri því starfi sem fram fer í siglingafélögum um heim allan.

**Keppnisstjóranámskeið**

Í vor var haldið keppnisstjóranámskeið á vegum SÍL og ISAF, þátttaka í námskeiðun var dræm þó full þörf væri á að sem flestir lærðu til verka við keppnishald. Kennarar vour þeir Tomasz Chamera frá Pólandi og Qu Chun frá Kína. Þeir sjö sem sóttu námskeiðið lærðu um alþjóðlega staðla og viðmið í siglingakeppnum. Það er áríðandi að taka upp rétt vinnubrögð við keppnishald hér á landi þó ekki væri nema af virðingu við keppendur og félagsmenn í siglingafélögum. Keppnisstjórn sumarsins bar þess merki að námskeiðið hefði haft góð áhrif á umgerð og keppnishald. Með námskeiðinu tókst að koma lokahnikk á leiðbeiningar um mótahald í siglingakeppnum. Leiðbeiningar þessar verða síðar aðgegnilegar á vef sambandsins ásamt leiðbeiningum um tilkynningu um keppni og kappsiglingafyrirmæli.

**Keppnishald**

Keppnishald var með hefðbundnu sniði og litlar breytingar hafa orðið á mótaskrá undanfarin ár. Hjá siglingafélögunum eru þetta stærstu viðburðir ársins og helstu tækifæri fyrir félagsmenn hittast. Það er því áríðandi að halda vel utan um slík mót þannig að allir fari heim sáttir við mótshaldara og mótið sjálft.

Að venju voru Íslandmótin stærstu mót sumarsins. Alls sóttu 12 kjölbátar um IRC forgjöf í sumar en aðeins 7 þeirra kepptu á Islandsmeistarmót kjölbáta sem var í umsjón Siglingafélagsins Ýmis. Mótið er styrkt af MP banka gegn því að það sé myndað í bak og fyrir og merki bankans komist að í sjónvarpi og blöðum. Siglingasambandið tók að sér miðlun og framleiðslu efnis fyrir fjölmiðlana og tókst ágætlega til í ár. Voru fréttir af mótinu bæði á RÚV og á vef Morgunblaðsins.

Íslandsmót kæna var haldið á Akureyri og þar voru 40 keppendur. Keppt var í 4 flokkum Laser Standard, Laser Radial, Opnum flokki og Optimist.

Þrjár kayakkeppnir fóru fram á árinu og töldu allar til Íslandsmeistaratitils, Reykjavíkurbikarinn, Hallarbikarinn og Hálfmaraþon. Besta þátttakan var í Reykjavíkurbikarnum í maí þar sem yfir 20 tóku þátt.

Þrátt fyrir ágæta þátttöku í mótum sumarsins er ljóst er að fjöldi þátttakenda í mótum staðið í stað undanfarin ár þrátt fyrir aukin fjölda iðkanda. Það er því þörf á að skoða þenna hluta betur og kanna leiðir til að bæta og auka þátttöku í mótum.

**Æfingabúðir**

Æfinagbúðir vour haldnar á Sauðárkróki. Það voru félagar í Siglingaklúbbnum Drangey sem tóku á móti siglingafólkinu með opnum örmum. Aðstæður til siglinga frábærar á Sauðárkróki, góður vindur og mikil alda þegar komið er út skjóli við höfnina. Yfirþjálfari æfingabúðana í ár var Bernat Gali spænskur þjálfari sem starfaði um tíma á Akureyri í sumar. Þátttaka hefði mátt vera betri en nokkur af okkar helsta siglafólki var ýmist á leiðinni utan til keppni eða að koma úr æfingabúðum að utan.

**Írland**

Alþjóða Optimist sambandið bauð tveimur siglurum þátttöku í Evrópumeistaramótinu á Optimist sem fram fórhjá Royal St. George siglingaklúbbnum í Dun Laoghaire á Írlandi. Keppendur fengu keppnisbáta og frítt uppihald í boði sambandsins en SÍL greiddi fyrir flug keppanda og uppihald liðsstjóra og þjálfarabát. Tveir ungir drengir úr Brokey þekktust boðið og tóku þátt. Um tvöhundruð og fimmtíu keppendur voru á mótinu hvaðaæva af. Stærðin og umfangið á mótinu var nokkuð sem þeir Þorgeir Ólafsson og Andrés Nói Arnarsson voru ekki vanir og áttu þeir nokkuð erfitt með að fóta sig. Keppni var mjög hörð og flestir keppendur nokkrum árum eldri en þeir félagar. Þeir enduðu í 150 og 151 sæti í drengja flokki.

**Kanada**

Þorgeir Ólafsson hélt síðan utan á ný í ágúst til að taka þátt í Kanadameistaramóti á Optimist, hjá Lunenburg Yacht Club í Nova Scotia. Boð um að taka þátt í mótinu hafði borist árið áður og voru tækifæri fyrir mun fleiri að taka þátt í mótinu en það gerðu. Þorgeir stóð sig mjög vel og endaði í 41. sæti en keppendur voru 91.

**Santander**

Eftir nokkurra ára æfingar og undirbúning var loksins komið að heimsmeistarmótinu í Santander. Hulda og Björn hafa sótt æfingabúðir til Santander undanfarin ár og með það að markmiðið að taka þátt í heimsmeistaramótinu. Æfingabúðirnar voru skipulagðar af spænska siglingasambandinu ISAF og Olympic Solidarity. Uppihald og þjálfun voru í boði Spænska siglingasambandsins og Olympic Solidarity. Fyrir keppnina

voru æfingabúðir sem bæði Björn og Hulda sóttu. Skipulagið kom flestum nokkuð spænskt fyrir sjónir og ekki stóðust þau fyrirheit sem gefin höfðu verið í upphafi. Má þar nefna að bát vantaði fyrir annan keppenda Íslands og þurfti að finna bát þegar út var komið og ganga frá leigu. Auk þess var stolið nýju Lasersegli frá öðrum keppenda okkar. Því miður setti veðrið strik í reikninginn og ekki náðist að sigla nema 4 af 10 umferðum sem ætlunin var að sigla. Megin áherslan var lögð á gull flotan en þar náðist að sigla 8 umfeðir auk úrslita umferðar. Björn lenti í 147 sæti af 147 keppendum og Hulda í því 118 af 120 bæði áttu þau góða möguleika á að vinna sig upp um sæti ef sigldar hefðu verið fleiri umferðir. Það er ljóst að við getum gert betur en það sem upp á vantar er fyrst og fremst æfing og reynsla í keppnum þar sem barátta er um að ná góðu plássi á ráslínunni.

**Erlendir gestir**
Samráðsfundur Norræna Siglingasambandsins var haldinn hér á landi þann 18. okt og á sama tíma var stjórnarfundur hjá Evrópska Siglingasambandinu. Báðir fundirnir voru haldnir hér í húsnæði ÍSÍ. Meðal þess sem ákveðið var á þessum fundi Norræna sambandsins var að Úlfur H. Hróbjartsson tæki sæti í stjórn ISAF fyrir Kurt Lönquist Finnlandi sem ekki átti heimangengt á fund sambandsins í Palma.
Það var gestkvæmt síðasta haust því einnig kom til landsins Steve Cockerill sem einnig er þekktur sem "Boatwhisperer" en hann hélt fyrirlestur á vegum SÍL um kappsiglingar og lagði sérstaka áherlsu á aukaverkanir stýris og segla á siglingu bátins.

Fundur Alþjóða Siglingasambandsins ISAF var haldinn í Palma á Mallorca í byrjun nóvember. Ísland á tvo nefndarfulltrúa sem sóttu fundinn. Annars vegar er það Birgir Ari Hilmarsson í „Regional Games committee“ og hinsvegar er það Úlfur H. Hróbjartsson í „Development and Youth committee“.
Stærsta mál þingsins var endurskipulagning á uppbyggingu sambandsins og hlutverk álfusambanda innan ISAF. Um er að ræða grundvallarbreytingu á hvernig sambandið starfar sem auk þess hefur áhrif á hvernig álfusamböndin munu starfa. Ekki var sú tilllaga sem lá fyrir þinginu samþykkt en svo fór að nefnd var sett í málið og má búast við nýjum tillögum á næsta þingi.

**Uppskeruhátíð**
Árleg uppskeruhátíð Siglingasambandsins var haldin í um miðjan nóvember. Hátíðin var haldin í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal og var ágætis mæting. Verðlaun voru veitt fyrir frammistöðu á árinu ekki aðeins fyrir keppnisfólk heldur líka þá sem stóðu sig vel á öðrum sviðum. Verðlaunahafar eru hér fyrir neðan.
Kayakmaður ársins er Eymundur Ingimundarson
Kayakkona ársins er Klara Bjartmarz
Siglingamaður ársins er Magnús Arason (Brokey)
Siglingakona ársins er Hulda Lilja Hannesdóttir (Brokey)
Siglingaefni ársins er Þorgeir Ólafsson (Brokey)
Sjálfboðaliði ársins er Aðalsteinn Jens Loftsson (Ýmir)
Strandbikarinn í ár fékk Áki Áskeirsson (Brokey)
Ævintýrabikarinn í ár fékk Kai Logemann (Brokey)
Íslandsbikarmeistari er áhöfnin á Dögun (Brokey)
Við þetta tækifæri færði Siglingafélag Reykjavíkur - Brokey, Siglingasambandi Íslands 75.000 kr að gjöf í afrekssjóð siglingamanna, en SÍL hefur sent þrjá siglara frá Brokey á erlend stórmót það sem af er ári.

Þrátt fyrir mikið starf á liðnum árum þá sjáum við þess ekki merki að það hafi skilað sér í aukinni þátttöku í starfsemi siglingafélaganna. Það er áhyggjuefni sem þarf að greina og leita leiða til að auka þátttöku í starfi félaganna svo siglingar og róður geti skipað þann sess sem þeim ber í íslensku samfélagi.

Úlfur H. Hróbjartsson

# SIGLINGASAMBAND ÍSLANDS

# Úrslit 2014

## Reykjavíkurbikar (Sjókayak)

### 10 km konur - Ferðakeipar

| Sæti | Nafn | Keppnisbátur | Ferðabátur | Euro-ár | Grænl. ár | Vængár | Tími |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | Klara Bjartmarz | | X | X | | | 01:07:31 |
| 2 | Kolbrún Halldórsdóttir | | X | | X | | 01:15:10 |
| 3 | Helga | | X | X | | | 01:28:25 |

### 10 km konur - Keppniskeipar

| Sæti | Nafn | Keppnisbátur | Ferðabátur | Euro-ár | Grænl. ár | Vængár | Tími |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | Inga Dagmar | X | | | | X | 01:10:34 |

### 3 km karlar

| Sæti | Nafn | Keppnisbátur | Ferðabátur | Euro-ár | Grænl. ár | Vængár | Tími |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | Eyþór Gunnarsson | | X | X | | | 00:29:56 |
| 2 | Friðþjófur Árnason | | X | X | | | 00:30:07 |
| 3 | Gunnar Ingi Gunnarsson | | X | X | | | 00:30:08 |

### 10 km karlar - Keppniskeipar

| Sæti | Nafn | Keppnisbátur | Ferðabátur | Euro-ár | Grænl. ár | Vængár | Tími |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | Ólafur Einarsson | X | | | | X | 00:51:23 |
| 2 | Kári Jónsson | X | | | | X | 00:51:36 |

### 10 km karlar - Ferðakeipar

| Sæti | Nafn | Keppnisbátur | Ferðabátur | Euro-ár | Grænl. ár | Vængár | Tími |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | Eymundur Ingimundarson | | X | | | X | 00:53:20 |
| 2 | Sveinn Axel Sveinsson | | X | | | X | 00:58:03 |
| 3 | Örlygur Sigurjónsson | | X | X | | | 01:00:22 |
| 4 | Egill Þorsteins | | X | X | | X | 01:03:17 |
| 5 | Páll Reynisson | | X | X | | | 01:03:39 |
| 6 | Edwin Zanen | | X | X | | | 01:05:42 |
| 7 | Ágúst Ingi Sigurðsson | | X | | | X | 01:09:49 |
| 8 | Jónas Guðbrandsson | | X | X | | | 01:16:08 |

## Hallarbikarinn

### Keppnisflokkur

| Sæti | Nafn | Keppnisbátur | Tími |
|---|---|---|---|
| 1 | Torben Gregersen | Kirton K1 | 24.39 |
| 2 | Ólafur E Brynjólfsson | Stellar | 25.36 |
| 3 | Bernharð Kristinn | Zedtech Griffin | 27.25 |
| 4 | Gunnar Svanberg | Zedtech DominatorXL | 27.55 |
| 5 | Höddi Tryggvason - | Zedtech DominatorXL | 31.55 |

### Ferðbátaflokkur KK

| Sæti | Nafn | Keppnisbátur | Tími |
|---|---|---|---|
| 1 | Eymundur Ingimundarson | Kirton Inuk | 28.58 |
| 2 | Egill Þorsteinsson | Rockpool Taran | 32.53 |
| 3 | Alfreð Hroki | Ocean-X | 40.14 |

### Ferðbátaflokkur KVK

| Sæti | Nafn | Keppnisbátur | Tími |
|---|---|---|---|
| 1 | Björg Kjartansdóttir | Lettmann Eski | 34.41 |
| 2 | Klara Bjartmarz | NDK Explorer | 34.42 |

# Hálfmaraþon

## Karlar - Ferðabátar

| Sæti | Nafn keppanda | Heildartími | Meðalhraði | Tegund báts | Euro-ár | Vængár |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | Eymundur Ingimundarson | 02:09:36 | 10,21 | Rockpool Taran | | x |
| 2 | Ólafur Einarsson | 02:12:48 | 9,96 | Point 65 XP | | x |
| 3 | Sveinn Axel Sveinsson | 02:17:24 | 9,63 | Rockpool Taran | | x |
| 4 | Egill Þorsteins | 02:23:28 | 9,22 | Rockpool Taran | | x |
| 5 | Guðmundur Breiðdal | 02:24:48 | 9,14 | Kirton Inuk | | x |
| 6 | Örlygur Sigurjónsson | 02:27:06 | 8,99 | Valley | x | |
| 7 | Gunnar Ingi Gunnarsson | 02:30:47 | 8,77 | Valley Nordcap | x | |
| 8 | Marc | 02:33:05 | 8,64 | Valley Nordcap | x | |
| 9 | Ágúst Ingi Sigurðsson | 02:34:08 | 8,58 | Kirton Inuk | | x |
| 10 | Páll Reynisson | 02:36:00 | 8,48 | NDK Explorer | x | |
| 11 | Edvin | 02:39:40 | 8,29 | ? | ? | |

## Karlar - Keppnisbátar

| Sæti | Nafn keppanda | Heildartími | Meðalhraði | Tegund báts | Euro-ár | Vængár |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | Gunnar Svanberg Skúlason | 02:18:51 | 9,53 | Surfski | | x |
| 2 | Bernhard Kristinn Ingimunda | 02:19:29 | 9,49 | Surfski | | x |

## Konur - Ferðabátar

| Sæti | Nafn keppanda | Heildartími | Meðalhraði | Tegund báts | Euro-ár | Vængár |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | Klara Bjartmarz | 02:37:25 | 8,4 | Valley Nordcap | x | |
| 2 | Björg Kjartansdóttir | 02:58:55 | 7,39 | Lettmann | ? | |

## OPNUNARMÓT KÆNA

| Sæti | Bátur | Skipstjóri | Félag |
|---|---|---|---|
| **Opinn flokkur** | | | |
| 1 | Laser Radíal | Þorlákur Sigurðsson | Nökkvi |
| 2 | Laser Standard | Björn Heiðar Rúnarsson | Nökkvi |
| 3 | Laser Radíal | Lilja Gísladóttir | Nökkvi |
| 4 | Laser Radíal | Hrefna Ásgeirsdóttir | Brokey |
| 5 | Laser Radíal | Tómas Zoega | Ýmir |
| 6 | Laser 4,7 | Gunnar B. Jónsson | Ýmir |
| **Optimist** | | | |
| 1 | Optimist | Þorgeir Ólafsson | Brokey |
| 2 | Optimist | Ásgeir Kjartansson | Brokey |
| 3 | Optimist | Andrés Nói Árnason | Brokey |

## MIÐSUMARMÓT

| Sæti | Bátur | Skipstjóri | Áhöfn | Félag |
|---|---|---|---|---|
| **Opinn Flokkur** | | | | |
| 1 | Laser - Radial | Hrefna Ásgeirsdóttir | | Brokey |
| 2 | Laser - Radial | Tómas Zoëga | | Ýmir |
| 3 | 29er | Aðalsteinn Jens Loftsson | Eyþór P. Aðalsteinsson | Ýmir |
| 4 | 29er | Gunnar Hlynur Úlfarsson | Gunnar Kristinn Óskarsson | |
| **Optimist** | | | | |
| 1 | | Þorgeir Ólafsson | | Brokey |
| 2 | | Ásgeir Kjartansson | | Brokey |
| 3 | | Andrés Nói Arnarsson | | Brokey |

## EIMSKIPAFÉLAGSMÓT

| Sæti | Bátur | Skipstjóri | Áhöfn | Félag |
|---|---|---|---|---|
| **Optimist** | | | | |
| 1 | Optimist | Atli Gauti Ákason | | Brokey |
| 2 | Optimist | Bergþór Bjarkason | | Þytur |
| 3 | Optimist | Steindór Máni Auðunsson | | Þytur |
| 4 | Optimist | Viktor Kárason | | Drangey |
| 5 | Optimist | Máni Hrafn Stefánsson | | Þytur |
| 6 | Optimist | Kristófer Yngvason | | Drangey |
| 6 | Optimist | Bogi Sigurbjörnsson | | Drangey |
| **Laser Radial** | | | | |
| 1 | Laser Radial | Þorklákur Sigurðsson | | Nökkvi |
| 2 | Laser Radial | Hrefna Ásgeirsdóttir | | Brokey |
| 3 | Laser Radial | Hulda Lilja Hannesdóttir | | Brokey |
| 3 | Laser Radial | Stefán Hjaltason | | Nökkvi |
| 5 | Laser Radial | Lilja Gísladóttir | | Nökkvi |
| 6 | Laser Radial | Breki Sigurjónsson | | Nökkvi |
| 7 | Laser Radial | Friðrik Valur Elíasson | | Nökkvi |
| **Opinn flokkur** | | | | |
| 1 | Laser | Björn Heiðar Rúnarsson | | Nökkvi |
| 2 | 29er | Gunnar Hlynur Úlfarsson | Gunnar Kristinn Óskarsson | Brokey |
| 3 | Topaz | Ísak Atli Finnbogason | Aron Már Jónsson | Drangey |

| Sæti | Bátur | Skipstjóri | Áhöfn | Félag |
|---|---|---|---|---|
| **Laser Standard** | | | | |
| 1 | Laser Standard | Björn Heiðar Rúnarsson | | Nökkvi |
| 2 | Laser Standard | Breki Sigurjónsson | | Nökkvi |
| 3 | Laser Standard | Gunnar Geir Halldórsson | | Þytur |
| 4 | Laser Standard | Kári Steinarsson | | Ýmir |
| 5 | Laser Standard | Ragnar Hilmarsson | | Þytur |
| **Laser Radial** | | | | |
| 1 | Laser Radial | Þorlákur Sigurðsson | | Nökkvi |
| 2 | Laser Radial | Hulda Lilja Hannesdóttir | | Brokey |
| 3 | Laser Radial | Hrefna Ásgeirsdóttir | | Brokey |
| 4 | Laser Radial | Lilja Gísladóttir | | Nökkvi |
| 5 | Laser Radial | Sigurður Sean Sigurðsson | | Nökkvi |
| 6 | Laser Radial | Friðrik Valur Elíasson | | Nökkvi |
| 7 | Laser Radial | Stefán Ármanna Hjaltason | | Nökkvi |
| 8 | Laser Radial | Búi Fannar Ívarsson | | Ýmir |
| 9 | Laser Radial | Tómas Zoëga | | Ýmir |
| **Opinn Flokkur** | | | | |
| 1 | 29er | Aðalsteinn Loftsson | Eyþór Aðalsteinsson | Ýmir |
| 2 | Topaz | Sigurgeir Sæberg | Daníel Alpi | Nökkvi |
| 3 | Topaz | Aron Sigurjónsson | Heiðar Örn Kristveigarson | Nökkvi |
| 4 | 29er | Gunnar H. Úlfarsson | Gunnar K. Óskarsson | Brokey |
| 5 | 4.7 | Oliver Thorodsen Allen | | Brokey |
| 6 | 420 | Sigurður Orri Hjaltason | Árni Eyfjörð | Nökkvi |
| 7 | 4.7 | Þór Wium Elíasson | | Nökkvi |
| 8 | Topaz | Guðmundur Kr. Húnfjörð | Elmar Ingvi Haraldsson | Brokey |
| 9 | 4.7 | Ögri Harðarson | | Nökkvi |
| **Optimist** | | | | |
| 1 | Optimist | Þorgeir Ólafsson | | Brokey |
| 2 | Optimist | Andrés Nói Arnarsson | | Brokey |
| 3 | Optimist | Ísabella Sól Tryggvadóttir | | Nökkvi |
| 4 | Optimist | Atli Ákason | | Brokey |
| 5 | Optimist | Garðar Arnarsson | | Nökkvi |
| 6 | Optimist | Baldur Vilhelmsson | | Nökkvi |
| 7 | Optimist | Emil Ólafsson | | Nökkvi |
| 8 | Optimist | Steindór Máni Auðunsson | | Þytur |
| 9 | Optimist | Unnur Stella Níelsdóttir | | Nökkvi |
| 10 | Optimist | Benedikt Friðbjörnsson | | Nökkvi |
| 11 | Optimist | Dagur Freyr | | Nökkvi |

# LOKAMÓT

| Sæti | Bátur | Skipstjóri | Áhöfn | Félag |
|---|---|---|---|---|
| **Laser Radial Fleet** | | | | |
| 1 | Laser Radial | Þororlákur Sigurðsson | | Nökkvi |
| 2 | Laser Radial | Dagur Tómas Ásgeirsson | | Brokey |
| 3 | Laser Radial | Hrefna Ásgeirsdóttir | | Brokey |
| 4 | Laser Radial | Hulda Lilja Hannesdóttir | | Brokey |
| 5 | Laser Radial | Tómas Zoega | | Ýmir |
| **Opinn Flokkur Fleet** | | | | |
| 1 | Laser Standard | Björn Hreiðar Rúnarsson | | Nökkvi |
| 2 | Finn | Rúnar Steinssen | | Þytur |
| 3 | Laser 4,7 | Samúel þór Sölvason | | Þytur |
| 4 | Laser Standard | Gunnar Geir Halldórsson | | Þytur |
| 5 | 29er | Gunnar Hlynur Úlfarsson | Gunnar K Óskarsson | Brokey |
| 6 | 29er | Aðalsteinn Jens Loftsson | Eyþór Aðalsteinsson | Ýmir |
| 7 | Topper Topas | Elmar Ingvi Haraldsson | Guðmundur K Húnfjörð | Brokey |
| **Optimist Fleet** | | | | |
| 1 | Optimist | Þorgeir Ólafsson | | Brokey |
| 2 | Optimist | Ásgeir Kjartansson | | Brokey |
| 3 | Optimist | Andres Nói Arnarsson | | Brokey |
| 4 | Optimist | Atli Gauti Ákason | | Brokey |
| 5 | Optimist | Bergþór Bjarkarsson | | Þytur |
| 6 | Optimist | Máni Hrafn Stefánsson | | Þytur |
| 7 | Optimist | Magnús Bjarki Jónsson | | Þytur |
| 8 | Optimist | Steinþór Máni Auðunsson | | Þytur |

# ÁRAMÓT

| Sæti | Bátur | Skipstjóri | Áhöfn | Félag |
|---|---|---|---|---|
| 1 | Laser standard | Ísleifur Friðriksson | | Ýmir |
| 2 | Laser Radial | Tómas Zoega | | Ýmir |
| 3 | Laser Standard | Kjartan Ásgeirsson | | Brokey |
| 4 | Topper Topaz | Ólafur Már Ólafsson | Þorgeir Ólafsson | Brokey |
| 5 | Topper Topaz | Áki Ásgeirsson | | Brokey |

## Opnunarmót kjölbáta

| Sæti | Bátur | Seglanr. | Skipstjóri | Félag |
|---|---|---|---|---|
| 1 | Þerna | ISL9834 | Gunnar Geir Halldórsson | Þytur |
| 2 | Lilja | ISL9800 | Arnar Freyr Jónsson | Brokey |
| 3 | Dögun | ISL1782 | Þórarinn Ásgeir Stefánsson | Brokey |
| 4 | Ögrun | ISL9800 | Guðmundur Gunnarsson | Brokey |
| 5 | Sigurvon | ISL9839 | Ólafur Már Ólafsson | Brokey |

## Faxaflóahafnir

| Sæti | Bátur | Seglanr. | Skipstjóri | Félag |
|---|---|---|---|---|
| 1 | Dögun | ISL1782 | Þórarinn Á. Stefánsson | Brokey |
| 2 | Lilja | ISL9800 | Arnar Freyr Jónsson | Brokey |
| 3 | Ísmolinn | ISL2639 | Gunnar Geir Halldórsson | Þytur |
| 4 | Þerna | ISL9834 | NilsDaníelsson | Þytur |
| 5 | Ögrun | ISL9800 | Guðmundur Gunnarsson | Brokey |
| 6 | Ásdís | ISL2217 | Árni Þór Hilmarsson | Þytur |

## Íslandsmót kjölbáta

| Sæti | Bátur | Seglanr. | Skipstjóri | Félag |
|---|---|---|---|---|
| 1 | Dögun | ISL1782 | Þórarinn Stefánsson | Brokey |
| 2 | Sigurvon | ISL9839 | Baldvin Björgvinsson | Brokey |
| 3 | Ísmolinn | ISL2639 | Gunnar Geir Halldórsson | Þytur |
| 4 | Aquarius | ISL2667 | Halldór Jörgensen | Brokey |
| 5 | Lilja | ISL9800 | Arnar F. Jónsson | Brokey |
| 6 | Ögrun | ISL9800 | Niels Chr. Nielsen | Brokey |
| 7 | Ásdís | ISL2217 | Árni Þór Hilmarsson | Þytur |

## Lokamót kjölbáta

| Sæti | Bátur | Seglanr. | Skipstjóri | Félag |
|---|---|---|---|---|
| 1 | Lilja | ISL2720 | Arnar F. Jónsson | Brokey |
| 2 | Dögun | ISL1782 | Magnús Arason | Brokey |
| 3 | Sif | ISL9838 | Hannes Sveinbjörnsson | Ýmir |
| 4 | Ögrun | ISL9800 | Niels Chr. Nielsen | Brokey |
| 5 | Aquarius | ISL2667 | Halldór Jörgensen | Brokey |
| 6 | Ásdís | ISL2217 | Árni Þór Hilmarsson | Þytur |

## Íslandsbikar

| Sæti | Bátur | Opnunarm. | Faxi | Íslandsm. | Lokam. | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | Dögun | 6 | 10 | 10 | 8 | 34 |
| 2 | Lilja | 8 | 8 | 4 | 10 | 30 |
| 3 | Ögrun | 5 | 4 | 3 | 5 | 17 |
| 4 | Þerna | 10 | 5 | | | 15 |
| 5 | Sigurvon | 4 | | 8 | | 12 |
| 6 | Ísmolinn | | 6 | 6 | | 12 |
| 7 | Aquarius | | | 5 | 4 | 9 |
| 8 | Ásdís | | 3 | 2 | 3 | 8 |
| 9 | Sif | | | | 6 | 6 |

Þjóðhátíðarmót var gert að þriðjudagskeppni
Sumarmót Ýmis féll niður vegna þátttökuleysis

# SIGLINGASAMBAND ÍSLANDS

# Lög SÍL

Lög Siglingasambands Íslands (SÍL)

1 Skipulag.

1.1 Sambandið heitir Siglingasamband Íslands skammstafað SÍL.

Það er æðsti aðili innan Íþrótta- og Ólympíusambands Íslands (ÍSÍ) um alla þætti siglinga og málefnum þeim tengdum.

1.2 Heimili og varnarþing Siglingasambandsins er í Reykjavík.

1.3 Öll félög innan ÍSÍ sem leggja stund á siglingar undir seglum, árum, drekum eða vélarafli, eru aðilar að SÍL, með aðild að hlutaðeigandi héraðssambandi eða íþróttabandalagi.

1.4 Tilgangur og markmið.

Auk hefðbundinnar keppni, æfinga og þjálfunar til líkamlegrar heilsuræktar, samanber lög ÍSÍ, er það í verkahring SÍL að sinna hagsmunamálum sem tengjast siglingum svo sem á sviði fræðslu-, réttinda-, öryggis-, samgöngu-, ferða og umhverfismála.

Önnur markmið eru:

Að hafa yfirstjórn og vinna að eflingu siglinga m.a. með fræðslu, útbreiðslu- og kynningarstarfsemi.

Að vera málsvari siglingamanna jafnt innanlands sem erlendis.

Að koma fram fyrir hönd siglinga gagnvart opinberum aðilum.

Að þýða alþjóðlegar kappsiglingareglur og gefa út.

Að setja nauðsynlegar reglur, löggilda dómara og keppnisstjóra, ráðstafa landsmótum og staðfesta met.

Efla siglingar sem tómstunda- og almenningsíþrótt.

2 Stjórnun.

2.1 Siglingasambandi Íslands er stjórnað af

a) Siglingaþingi

b) Stjórn SÍL

2.2 Reikningar SÍL skulu endurskoðaðir ár hvert af félagslegum skoðunarmönnum reikninga sem siglingaþing kýs árlega til eins árs í senn. Félagslegir skoðunarmenn reikninga mega ekki sinna öðrum störfum fyrir SÍL sem snerta fjármál. Þeir bera ábyrgð gagnvart siglingaþingi og skulu þeir eiga greiðan aðgang að öllu bókhaldi SÍL og er stjórninni skylt að veita þeim allar nauðsynlegar upplýsingar um fjármál og reikningshald þess. Felli siglingaþing framlagða reikninga fer fram yfirskoðun eftir reglum sem þingið setur. Að þeirri yfirskoðun lokinni skal boðað til aukaþings (sbr. lið 5) sem tekur nánari ákvörðun um reikninga.

3 Siglingaþing.

3.1 Siglingaþing fer með æðsta vald í málefnum SÍL.

3.2 Siglingaþing sitja fulltrúar frá þeim aðilum sem mynda SÍL.

3.3 Þrír fulltrúar koma frá hverju aðildarfélagi innan hvers héraðssambands eða íþróttabandalags.

3.4 Þingið skal haldið í febrúar ár hvert. Skal þingið auglýst eða boðað til þess bréflega með 5 vikna fyrirvara og ítrekað síðar. Stjórn SÍL ákveður fundarstað.

3.5 Tillögur um lagabreytingar og málefni sem sambandsaðilar óska eftir að tekin verði fyrir á þinginu, skal tilkynna stjórn SÍL, bréflega minnst 3 vikum fyrir þingið.

3.6 Eigi síðar en 2 vikum fyrir siglingaþing skal senda héraðssamböndum/ íþróttabandalögum og aðildarfélögum skrifleg fundarboð (síðara fundarboð) með dagskrá og upplýsingum um tillögur og mál sem leggja á fyrir þingið.

3.7 Siglingaþing er lögmætt ef löglega hefur verið til þess boðað.

3.8 Á siglingaþingi hafa fulltrúar einir atkvæðisrétt, en rétt til setu á siglingaþingi með málfrelsi og tillögurétt hafa:

a. a.stjórn SÍL

b. b.heiðursformaður og heiðursfélagar

c. c.framkvæmdastjórn ÍSÍ

d. d.fastráðnir starfsmenn SÍL og ÍSÍ

e. e.allir nefndarmenn SÍL

f. f.fulltrúi ráðuneytis íþróttamála auk þess getur stjórnin boðið öðrum aðilum þingsetu ef hún telur ástæðu til.

3.9 Aðeins sá sem er í félagi, sem iðkar siglingar og er innan sérráðs eða héraðssambands/ íþróttabandalags er kjörgengur fulltrúi þess á siglingaþingið.

3.10 Allir fulltrúar skulu vera tilgreindir á kjörbréfi frá viðkomandi sambandsaðila og skal kjörbréfum skilað inn til stjórnarinar eigi síðar en einni viku fyrir siglingaþing.

3.11 Einfaldur meirihluti atkvæða ræður úrslitun mála nema annað segi í lögum þessum um tiltekin mál eða málaflokka. Enginn fulltrúi getur farið með fleiri en 3 atkvæði og þá eingöngu fyrir þann aðila sérráðs eða sambands/ bandalags sem hann er fulltrúi fyrir á þinginu.

4 Dagskrá siglingaþings.

4.1.1. Formaður setur þing.

2. Kosning 3 manna kjörbréfanefndar

3. Kjörinn þingforseti.

4. Kjörnir 1. og 2. þingritari

5. Ávörp gesta

6. Álit kjörbréfanefndar lagt fram og samþykktar

7. Kosning fastanefnda

a) Fjárhagsnefnd 3 manna

b) Laga og leikreglnanefnd 3 manna

8. Lögð fram skýrsla stjórnar

9. Lagður fram til samþykktar endurskoðaður rekstrar og efnahagsreikningur liðins árs af félagslega kjörnum skoðendum reikninga félagsins.

10. Umræður um skýrslu stjórnar

11. Umræður um og samþykkt reikninga

12. Lögð fram fjárhagsáætlun fyrir næsta fjárhagsár

13. Lagabreytingatillögur

14. Aðrar tillögur sem kynntar voru í fundarboði

15. Önnur mál: Teknar fyrir tillögur og önnur mál sem lögð hafa verið fyrir þingið

16. Tillögur fjárhagsnefndar

17. Kosningar

a) Stjórn og varastjórn sbr 6 gr.

b) Tveir félagslega kjörnir skoðunarmenn reikninga (sbr. lið 2.2).

c) Fulltrúa á íþróttaþing í samræmi við reglur ÍSÍ

18. Þingslit

19. Allar kosningar gilda fram að kosningu á næsta siglingaþingi. Þær skulu vera skriflegar nema aðeins sé stungið upp á jafnmörgum og kjósa skal

4.2 Þingið getur með 2/3 atkvæða viðstaddra fulltrúa heimilað að tekið sé fyrir mál sem fram kemur eftir að dagskrá þingsins hefur verið send sambandsaðilum SÍL.
4.3 Árskýrsla SÍL, sem stjórnin skal leggja fyrir þingið, svo og ágrip af fundargerðum þingsins, skal senda framkvæmdastjórn ÍSÍ og sambandsaðilum SÍL, innan tveggja mánaða frá þingslitum.
5 Aukaþing
5.1 Aukaþing skal kalla saman með a.m.k. 3 vikna fyrirvara.
a) Eftir ákvörðun siglingaþings
b) Þegar a.m.k. ½ sambandsaðila óskar þess.
c) Að frumkvæði stjórnar SÍL
5.2 Tillögur um málefni sem óskast tekin fyrir á aukaþingi skulu hafa borist stjórn SÍL minnst 14 dögum fyrir þingsetningu.
5.3 Eigi síðar en 6 dögum fyrir aukaþing skal senda aðilum dagskrá þingsins.
5.4 Á aukaþingi má ekki gera lagabreytingar og ekki kjósa stjórn nema bráðabirgðastjórn, ef meirihluti stjórnar hefur sagt af sér eða hætt störfum af öðrum orsökum eða stjórnin að eigin dómi orðið óstarfhæf.
5.5 Að öðru leiti gilda sömu reglur og um reglulegt siglingaþing.
6 Stjórn SÍL
6.1 Í stjórn SÍL eiga sæti.:
a) 5 menn.
Kosning fari þannig fram;
1 formaður
4 meðstjórnendur
3 varamenn
Fái fleiri en þeir sem kjósa á jafnmörg atkvæði, skal kjósa um þá á ný bundinni kosningu. Verði þeir enn jafnir ræður hlutkesti.
b) Stjórn kýs varaformann, ritara og gjaldkera úr sínum hópi.
c) Varamenn taki sæti í stjórn í þeirri röð sem atkvæðamagn segir til um. Verði varamenn sjálfkjörnir taka þeir sæti í stjórninni í þeirri röð sem þeir voru tilnefndir.
d) Ef formaður hættir á kjörtímabilinu tekur varaformaður sæti hans.
6.2 Stjórnin heldur fundi eigi sjaldnar en annanhvern mánuð. Formaður SÍL boðar stjórnarfundi og stýrir þeim.
6.3 Stjórninni er heimilt að ráða launað starfsfólk.
6.4 Aðsetur stjórnarinnar er í Reykjavík.
7 Starf stjórnar
7.1 Starf stjórnar SÍL er m.a.;
i. a.Að framkvæma ályktanir siglingaþings
ii. b.Að annast rekstur sambandsins.
iii. c.Að vinna að eflingu siglinga.
iv. d.Að senda framkvæmdastjórn ÍSÍ lögboðnar skýrslur og tilkynningar.
v. e.Að líta eftir því að lög og leikreglur SÍL séu haldnar.
vi. f.Að setja nauðsynleg bráðabirgðaákvæði.
vii. g.Að ráðstafa þeim styrkjum sem SÍL fær til umráða.
viii. h.Að koma fram erlendis fyrir hönd SÍL.
ix. i.Að sjá útgáfumál SÍL.
8 Sérráð
8.1 Siglinga- og róðrarsérráðin (héraðssamböndin) eru milliliðir milli félaga sinna og stjórnar SÍL. Í samráði við hlutaðeigandi héraðssambönd skal SÍL vinna að stofnun sérráða.
8.4 Stjórn SÍL hefur frjálsan aðgang að öllum siglingamótum og sýningum sem fram fara innan vébanda SÍL. Einnig á hún rétt á að sitja aðalfundi sérráða, Dómarafélaga og héraðssambanda sem eru aðilar að sambandinu.
9 Ýmis ákvæði.
9.1 Merki SÍL: merki siglingasambandsins er hvítt stórsegl og ár á bláum grunni.
9.2 Heiðursformann SÍL má kjósa á siglingaþingi, ef 4/5 mættra fulltrúa samþykkja kjörið.
9.3 Heiðursformaður SÍL kemur fram fyrir hönd sambandsins, þegar stjórn þess eða formaður kunna að óska og fela honum það.
9.4 Heiðursfélaga SÍL má kjósa á siglingaþingi.
9.5 Heiðursfélagar hafa rétt til setu á siglingaþingum með málfrelsi og tillögurétt.
10 Slit SÍL
10.1 Tillögur um að leggja SÍL niður má aðeins taka fyrir á lögmætu siglingaþingi. Til þess að samþykkja slíka tillögu þarf minnst ¾ hluta atkvæða.
10.2 Hafi slík tillaga verið samþykkt skal gera öllum sambandsaðilum grein fyrir henni í þingskýrslunni og tillagan síðan látin ganga til næsta reglulegs þings. Verði tillagan þá samþykkt aftur er það fullgild ákvörðun um að leggaj SÍL niður.
10.3 Ráðstöfun eigna: Sé SÍL þannig löglega slitið, skal afhenda ÍSÍ eignir SÍL til varðveislu. Þar til annað siglingasamband verður stofnað og skulu þá eignir gamla SÍL renna til þess óskertar.
10.4 Lagabreytingar: lögum þessum verður ekki breytt nema á siglingaþingi og þá aðeins með 2/3 hlutum greiddra atkvæða.

Lög þessi voru samþykkt á 40. Siglingaþingi 23. Febrúar 2013

# SIGLINGASAMBAND ÍSLANDS

# Reikningar 2014

Skoðunarmenn:

Friðrik Hafberg
Kristján Sigurgeirsson

# Rekstrarreikningur

1.1.2014 - 31.12.2014

| Rekstrartekjur | 2014 | % | 2013 | % | 2012 | % |
|---|---|---|---|---|---|---|
| ÍSÍ útbreiðslustyrkur | 2.259.094 | 29% | 1.924.359 | 24% | 1.686.234 | 19% |
| ÍSÍ Lottó | 2.731.267 | 35% | 2.719.845 | 34% | 2.191.157 | 25% |
| Styrkur frá stjórnvöldum | 2.700.000 | 34% | 2.200.000 | 28% | 1.770.152 | 20% |
| Styrkur frá einkaaðilum | 792.000 | 10% | 418.220 | 5% | 500.000 | 6% |
| Vörusala | 660.404 | 8% | 313.030 | 4% | 451.810 | 5% |
| IRC forgjafir | 214.217 | 3% | 189.277 | 2% | 234.687 | 3% |
| Námskeiðstekjur | 132.000 | 2% | 147.500 | 2% | 1.984.563 | 23% |
| Smáþjóðaleikar og erlendar keppnir | - | 0% | - | 0% | - | 0% |
| **Rekstrartekjur** | **9.488.982** | 120% | **7.912.231** | 100% | **8.818.603** | 100% |
| | | | | | | |
| **Rekstrargjöld** | | | | | | |
| Launakostnaður | 5.602.206 | 65% | 4.894.968 | 57% | 8.431.112 | 64% |
| Leiga skrifstofu og skrifst.kostnaður | 908.991 | 11% | 825.013 | 10% | 741.798 | 6% |
| Fundir og mót erlendis | 1.301.702 | 15% | 1.391.316 | 16% | 1.064.733 | 8% |
| Fundir innanlands | 196.850 | 2% | 227.356 | 3% | 650.354 | 5% |
| Smáþjóðaleikar og erlendar keppnir | - | 0% | - | 0% | 759.334 | 6% |
| Kostnaður v/mótahalds | 279.025 | 3% | 78.700 | 1% | 42.600 | 0% |
| Námskeiðskostnaður | 983.882 | 11% | 362.500 | 4% | 856.813 | 6% |
| Kynningarkostnaður | 80.354 | 1% | 488.196 | 6% | 150.000 | 1% |
| Styrkir og gjafir | - | 0% | 165.500 | 2% | 261.510 | 2% |
| Kostnaður v/forgjafar | 67.479 | 1% | 99.365 | 1% | 147.363 | 1% |
| Félags- og aðildargjöld | 112.676 | 1% | 45.160 | 1% | 85.611 | 1% |
| **Rekstrargjöld** | **9.533.165** | 111% | **8.578.074** | 100% | **13.191.228** | 100% |
| **Tap fyrir fjármagnsgjöld** | - 44.183 | | - 665.843 | | - 4.372.625 | |
| | | | | | | |
| Fjármunatekjur | 99.833 | | 75.921 | | 111.324 | |
| Vaxtagjöld og verðbætur | - 19.965 | | - 15.184 | | - 21.903 | |
| **Fjármunatekjur** | **79.868** | | **60.737** | | **89.421** | |
| | | | | | | |
| **Hagnaður/-Tap ársins** | **35.685** | | **- 605.106** | | **- 4.283.204** | |

# Efnahagsreikningur

**31.12.2014**

| **Eignir** | **2014** | **%** | **2013** | **%** | **2012** | **%** | **2011** | **%** |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Veltufjármunir** | | | | | | | | |
| **Birgðir:** | | | | | | | | |
| Vörubirgðir | 3.042.820 | 55% | 1.638.167 | 30% | 2.905.657 | 40% | 2.762.347 | 32% |
| | **3.042.820** | 55% | **1.638.167** | 30% | **2.905.657** | | **2.762.347** | |
| **Skammtímakröfur:** | | | | | | | | |
| Viðskiptakröfur | 1.726.587 | 31% | 1.431.950 | 26% | 1.819.029 | 25% | 1.760.971 | 20% |
| Viðskiptareikningur ÍSÍ | - | | - | | - | | - | 0% |
| | **1.726.587** | 31% | **1.431.950** | 26% | **1.819.029** | 25% | **1.760.971** | 20% |
| **Handbært fé:** | | | | | | | | |
| Bankainnistæður | 3.010.286 | 54% | 2.460.485 | 44% | 2.601.847 | 36% | 4.150.035 | 48% |
| | **3.010.286** | | **2.460.485** | | **2.601.847** | | **4.150.035** | |
| **Eignir alls** | **7.779.693** | 141% | **5.530.602** | 100% | **7.326.533** | 100% | **8.673.353** | 100% |

| **Skuldir og eigið fé** | **2014** | **%** | **2013** | **%** | **2012** | **%** | **2011** | **%** |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Eigið fé:** | | | | | | | | |
| Þjálfunarsjóður | - | 0% | - | 0% | - | 0% | 390.000 | 4% |
| Útbreiðslusjóður | - | 0% | - | 0% | - | 0% | 1.250.000 | 14% |
| Óráðstafað eigið fé | 5.990.014 | 108% | 2.786.785 | 50% | 3.733.060 | 51% | 6.376.264 | 74% |
| **Eigið fé alls** | **5.990.014** | 108% | **2.786.785** | 50% | **3.733.060** | 51% | **8.016.264** | 92% |
| **Skammtímaskuldir:** | | | | | | | | |
| Viðskiptaskuldir | 1.789.679 | 32% | 2.743.817 | 50% | 3.593.473 | 49% | 657.089 | 8% |
| **Viðskiptaskuldir alls** | **1.789.679** | | **2.743.817** | | **3.593.473** | | **657.089** | |
| **Skuldir og eigið fé alls** | **7.779.693** | 141% | **5.530.602** | 100% | **7.326.533** | 100% | **8.673.353** | 100% |

## Áritun skoðunarmanna:

Við undirritaðir kjörnir skoðunarmenn reikninga SÍL fyrir árið 2013 höfum yfirfarið reikningana og borið saman við fylgiskjöl og bókhaldsfærslur og höfum engar athugasemdir þar við

Reykjavík 21. feb. 2015

Friðrik Hafberg
(sign)

Kristján Sigurgeirsson
(sign)